

Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri

Mánudaginn 31. mars 2008 kl 10:30-12:00

Mætt: Þórir Sigurðsson, Finnur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Hafdís Skúladóttir og Páll Björnsson

1. Háskólafundur 2. apríl.

Þórir mun mæta sem fulltrúi FHA á háskólafund 2. apríl n.k. Aðrir stjórnarmenn munu mæta sem fulltrúar sinna deilda. Umræða var um tilgang, fyrirkomulag og vald háskólafundar

2. Aðalfundur BHM 3.-4. apríl

Helgi Gestsson og Kjartan Ólafsson munu fara á vegum FHA.

3. Þóknun fyrir félagsstörf 2007

Yfirlit vegna þóknunar verður sent Ásu sem sér um greiðslur.

4. Stigamat

Umræða var um eldri vinnubrögð við afgreiðslu umsókna fyrir stigamat og tillögu um ný vinnubrögð þar sem Jón Helgi Pétursson mun fara yfir allar umsóknir og forvinna þær. Síðan fara allar umsóknir fyrir stigamatsnefnd.

5. Kjarasamningar

Kjartan fór yfir stöðuna í samningamálum. Búið er að gera viðræðuáætlun en engir fundir hafa verið boðaðir við ríkið. Líklegast er að ekkert samflot verði með öðrum kennarafélögum við gerð kjarasamninga. Umræða var um þann samning sem nú er í gildi.

6. Árshátíð HA 30. apríl.

Þátttaka FHA í kostnaði vegna árshátíðar verður með sama sniði og undanfarin ár.

7. Félagsfundir í apríl

Ekki er tímabært að boða til félagsfundar fyrr en eitthvað hefur gerst í samningamálum. Aðrar tillögur um efni fyrir félagsfund voru ekki ræddar.

8. Undirbúningur aðalfundar í maí.

Það þarf að ákveða hvort hækka eða lækka eigi félagsgjald sem hefur verið óbreytt frá upphafi. Einnig þarf að endurnýja stjórn FHA og fara yfir reikninga. Ræddar voru tillögur að breytingum á námssjóði þar sem fáar umsóknir berast í hann t.d. auglýsa hann betur, afgreiða umsóknir í hverjum mánuði.

Fundi slitið kl 12:00

Hafdís Skúladóttir ritaði fundargerð